

Stjórnarfundur DKG á Íslandi

Haldinn í Nauthól, Reykjavík 26.janúar 2017

Mættar voru, Eygló Björnsdóttir, Guðbjörg Sveinsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Kristín Jónsdóttir, Sigríður Johnsen, Inga María Ingvarsdóttir.

Fundarefni:

#### Landsambandsþing

Staðan á undirbúningi og dagskrá:

Undirbúningsnefnd er á fullu við hann. Áætluð er söguganga og móttaka á vegum bæjarins fyrir þingkonur er í athugun. Hátíðarkvöldverður verður á laugardagskvöldinu.

Menntamálanefnd hefur birt drög að dagskrá. Talað hefur verið við alla fyrirlesara. Beverly Helms kemur sem fulltrúi alþjóðasamtakanna. Hún talar út frá þemanu sem þingið er helgað og næsta morgun, sunnudag um erindi frá alþj. samtökunum – svo ekkert blandist saman eins og komið hefur fyrir.

Landssambandið leggur fjármagn til að standa undir einhverjum liðum, en best er að taka sem allra mest inni ráðstefnugjald sem konurnar borga sjálfar og vera á bremsunni með útlát. Engir fyrirlesaranna kosta samtökin nokkuð.

Mikið var rætt af hverju konur koma ekki á þingin okkar? Eru þau barn síns tíma, of dýr eða að konur langar hreinlega ekki?

Rætt var um að reyna að komast að ástæðunni og hafa könnun á netinu ef konur koma ekki norður.

Að heiðra konu innan samtakanna fyrir framúrskarandi starf fyrir samtökin.

Auglýsa eftir tilnefningum í öllum deildum. Eygló setur auglýsingu á vefinn og póst til formanna. Sjá til hvað kemur út úr því?

Samþykkt að dagskráin á laugardeginum verði opin fyrir utanaðkomandi ef félagskonur vilja bjóða með sér.

Fá vef-drengina á þingið til að þakka þeim sérstaklega fyrir að hýsa vefinn skuldlaust í öll þessi ár.

Stjórnin þarf að skipuleggja aðalfund, sem haldinn er á sunnudegi landssambandsþingsins í vor, gæti hist í mars – fyrir 28. mars eftir miðjan mars

Að hittast skiptir miklu máli, allar voru sammála um það.

#### Evrópuþingið í Tallinn – (26.-29. júlí 2017)

Ekki er vitað hvort góð þátttaka verður á þinginu í Tallinn en hún verður líklega ekki sem verst.

Rætt um það hvernig Íslendingar kynna næsta Evrópuþing sem verður á okkar vegum? Það ætti að vera á forræði stjórnarinnar að það verði gert. Til dæmis eru kynningarmyndbönd líklega til á netinu sem við getum notað. Muna að fá leyfi til að nota það. Kristín mundi eftir myndbandi, sem hún ætlar að grafa upp.

Gott ráð að kalla þær saman, sem ætla til Tallinn og hafa hugstormun um kynningarefni. T.d. ísskápssegul.....Þær kasti á milli sín.

#### Evrópuþingið 2019

Rætt um Evrópuþingið 2019 að það yrði haldið síðustu vikuna í júlí (22.-26. júlí).

Farið yfir hvernig slíkt þing fer fram, dagskrá með námskeiðum, fyrirlestrum, setningu, hátíðarkvöldverði, Night on the town, fundum. Makar mega koma með en ekki er gert ráð fyrir sérstakri dagskrá fyrir þá.

Núverandi stjórn ætti að athuga með hótél fyrir ráðstefnuna þó hún geri ekki mikið annað varðandi undirbúning.

Inga ætlar að leita tilboða og athuga hótél í Rvk. (frekar þar en utan Rvkur)

Eygló ætlar að leita staðfestingar frá alþj. samtökunum um að þingið verði á Íslandi.

Næsta stjórn mun skipa í nefndir til undirbúnings og sjá um þingið.

#### Nefndastörf

Staðan þar (laganefnd, félaganefnd, námsstyrkjaneftnd)

Eygló hefur óskað eftir því að laganeftnd fari yfir orðalag um það hvernig forseti skipar í nefndir ásamt ýmsu öðru. Orðalag er núna í skoðun og verður lagfært til samræmis.

Lagabreytingar ef einhverjar eru þarf að kynna með góðum fyrirvara fyrir aðalfund, á vefnum. Einnig þarf að laga handbókina á ýmsum stöðum. Það er félaga- og útbreiðslunefnd sem á að hafa hana til skoðunar og uppfærslu. Sérstaklega var rætt um öftustu síðuna þar sem talað er um fylgigögn.

#### Nýja deildin

Staðan er sú að nú eru komnar 17 konur, sem eru tilbúnar að ganga í nýja deild. Enn er verið að veiða og stefnt er að 20 konum fyrir stofnun. Skrifað hefur verið til alþjóðasamtakanna eftir gögnum og það tekur nokkrar vikur. Ef deildin verður stofnuð fyrir 1. apríl þurfa konur ekki að greiða árgjald fyrr en fyrir næsta ár, nánar tiltekið í haust. Heiti hennar verður Nu. Stofnfundur verður haldinn í nýrri deild í byrjun apríl á Blönduósi.

#### Int. Achievement Award

Senda aftur umsókn um Sigrúnu Jóh., sem ekki fékk Evrópuviðurkenningu

#### Önnur mál?

Skýrslugerð:

Deildirnar eru að setja saman skýrslur fyrir 1. feb.

Vefurinn okkar verður uppfærður eins og um hefur verið rætt.

#### Stjörnunámskeið Sigrúnar

Það er í lægðinni, landssambandið greiddi ferðir hennar og deildirnar hitt. Sigríður vill gjarnan setjast í aftursætið hjá Sigrúnu fylgjast með og gá, hvort hún getur hnýtt sína þræði við hennar og haldið námskeið í einhverjum slíkum dúr.

Skráð af Jónínu E.